

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 168/2007

frá 7. desember 2007

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/151/EB frá 6. mars 2007 um breytingu á ákvörðunum 94/741/EB og 97/622/EB að því er varðar spurningalista fyrir skýrslu um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB um úrgang og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 1ca (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/741/EB) og lið 1cb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/622/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32007 D 0151**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/151/EB frá 6. mars 2007 (Stjtíð. ESB L 67, 7.3.2007, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2007/151/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 92, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 90.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 67, 7.3.2007, bls. 7.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.